

Sjálfbærnisskýrsla 2024

Íslenskt sjávarfang ehf.
Bakkabraut 2, 200 Kópavogur

Yfirlýsing framkvæmdastjóra

Hjá Íslensku sjávarfangi er sjálfbærni órjúfanlegur hluti af starfseminni. Við vinnum með dýrmæta auðlind þjóðarinnar og berum ábyrgð á því að nýta hana á ábyrgan hátt.

Sjálfbærni felur í sér að vernda umhverfið, sjálfbæra nýtingu fiskistofna með vottun MSC, skapa öruggt og heilbrigt starfsumhverfi og tryggja traust í samskiptum við viðskiptavinum og samfélag. Með þessari skýrslu viljum við sýna fram á hvernig við vinnum markvisst að þessum þáttum og hvernig við ætlum að bæta okkur áfram á næstu árum.

Við trúum því að árangur okkar verði best tryggður með því að byggja á gæðum, ábyrgð og gagnsæi – gildum sem eru hornsteinar í allri starfsemi Íslensks sjávarfangs.

Um fyrirtækið

Íslenskt sjávarfang ehf. er íslenskt fiskvinnslufyrirtæki með aðsetur að Bakkabraut 2 í Kópavogi. Hjá fyrirtækinu starfa að jafnaði 115 manns sem leggja sitt af mörkum til að tryggja ábyrga og vandaða framleiðslu.

Starfsemi félagsins felst í vinnslu ferskra og frosinna sjávarafurða sem eru að mestu fluttar á erlenda markaði. Við leggjum áherslu á gæði, áreiðanleika og ábyrg nýtingu hráefnisins og viljum með því styrkja stöðu Íslands sem leiðandi framleiðanda sjálfbærra sjávarafurða.

Vottanir

Fyrirtækið hefur hlotið MSC vottun þar sem það uppfyllir kröfur Marine Stewardship Council um rekjanleika sjávarafurða úr sjálfbærum fiskistofnum. Íslenskt sjávarfang á aðild að Iceland Sustainable Fisheries sem hefur meðal annars fengið vottun á þorski, ýsu og ufsa.

Einnig hefur frystihús Íslenskt sjávarfangs fengið vottun samkvæmt BRC-staðlinum (British Retail Consortium). BRC er alþjóðlega viðurkenndur staðall undir merkjum GFSI (Global Food Safety Initiative). Staðallinn leggur áherslu á matvælaöryggi, gæði í framleiðsluhátta, gæði og heilmæmi afurðar. Vottunin sýnir fram á að gæðastjórnunarkerfi fyrirtækisins stadið ítrustu gæðkröfur sem settar eru á matvælaframleiðslur á alþjóðavísu.

Samstarf við Laufið

Íslenskt sjávarfang vinnur að nánú samstarfi við ráðgjafarfyrirtækið Laufið, sem sérhæfir sig í að gera sjálfbæra þróun aðgengilega fyrir íslensk fyrirtæki.

Samstarfið felur í sér að við fáum stuðning við gagnaöflun, mótun stefnu og innleiðingu verkefna á sviði sjálfbærni. Laufið veitir okkur faglega ráðgjöf sem gerir okkur kleift að fylgja alþjóðlegum viðmiðum, svo sem UFS og ESRS, á einfaldan og skilvirkan hátt.

Með þessu samstarfi viljum við tryggja að sjálfbærniverkefni okkar séu unnin af fagmennsku, í takt við bestu þekkingu og með hagsmuni starfsfólks, viðskiptavina og samfélags að leiðarljósi.

Umhverfis- og sjálfbærnistefna

Íslenskt sjávarfang leggur áherslu á að nýta sjávarafurðir á ábyrgan og sjálfbæran hátt. Við viljum stuðla að virðisaukandi vinnslu sem byggir á traustum grunni umhverfisverndar, félagslegrar ábyrgðar og góðra stjórnarháttar.

Við skuldbindum okkur til að:

- Draga úr umhverfisáhrifum starfseminnar með markvissri úrgangsstjórnun, bættu nýtingu orku og ábyrgu mati á kolefnisspori.
- Tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi, viðhalda jafnrétti og fjölbreytileika og bjóða upp á raunhæf tækifæri til starfsþróunar.
- Starfa af heiðarleika og gagnsæi, fylgja siðareglum og gera kröfur til birgja okkar um ábyrg vinnubrögð og virðingu fyrir mannréttindum.

Við vinnum í samræmi við UFS-viðmið (Umhverfi, Félagslegir þættir og Stjórnarhættir) og þróum verklag okkar í takt við ESRS-staðla Evrópusambandsins.

Stefnan er órjúfanlegur hluti af framtíðarsýn fyrirtækisins og leiðarljós í ákvarðanatöku, með það að markmiði að tryggja traust og skapa verðmæti til lengri tíma.

Almenn upplýsingagjöf

Sjálfbærnisskýrsla Íslensks sjávarfangs fyrir árið 2024 er unnin með hliðsjón af Corporate Sustainability Reporting Directive (CSRD) tilskipun Evrópusambandsins og European Sustainability Reporting Standards (ESRS). Þó að þessir staðlar hafi ekki enn verið lögfestir á Íslandi, er það skýr stefna fyrirtækisins að laga starfsemi sína að þeim kröfum sem eru fram undan.

Íslenskt sjávarfang ber samkvæmt 66. d. gr. ársreikningalaga nr. 3/2006 lagaskyldu til að birta ófjárhagslegar upplýsingar. Þessi skýrsla tekur saman helstu atriði á einum stað og sýnir hvernig við vinnum markvisst að því að efla gagnsæi og ábyrgð í rekstri.

Þetta er fyrsta sjálfbærnisskýrsla Íslensks sjávarfangs sem unnin er með ESRS-viðmiðum til

hliðsjónar. Hún byggir á gagnaöflun sem hefur átt sér stað á síðustu árum og markar upphaf að skipulegri vegferð í átt að sjálfbærni og aukinni fagmennsku í upplýsingagjöf.

Mikilvægisgreining

Á árinu 2025 munum við hjá Íslenskt sjávarfangi framkvæma okkar fyrstu mikilvægisgreiningu á sviði sjálfbærni. Markmiðið var að greina hvaða þættir hafa mest áhrif á starfsemi fyrirtækisins og hverjir skipta mestu máli fyrir hagsmunaaðila okkar.

Greiningin byggði á aðferðafræði tvöfaldrar mikilvægisgreiningar (double materiality) eins og hún er skilgreind í ESRS. Það þýðir að metin voru annars vegar áhrif starfseminnar á umhverfi og samfélag (áhrifamikilvægi) og hins vegar hvaða sjálfbærniþættir geta haft fjárhagsleg áhrif á reksturinn (fjárhagslegt mikilvægi).

Við greininguna var leitað áhlits innri hagsmunaaðila, svo sem stjórnenda og starfsfólks, og niðurstöðurnar sýna að fyrirtækið hefur mest áhrif og stendur frammi fyrir helstu tækifærum á eftirfarandi sviðum:

- Úrgangsstjórnun
- Jafnrétti og mannauður
- Vinnuvernd
- Siðferði í birgðakeðju
- Orkunotkun og loftslagsmál

Þessi niðurstaða leggur grunn að forgangsriðun verkefna og markmiða í sjálfbærnismálum og mótar innihald þessarar skýrslu.

Áherslupættir UFS

Úrgangsstjórnun

Íslenskt sjávarfang leggur mikla áherslu á ábyrga úrgangsstjórnun sem hluta af umhverfisstefnu sinni. Við viljum tryggja að úrgangur sé meðhöndlaður á öruggan og skilvirkan hátt, með það að markmiði að draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfið og stuðla að hringrásarhagkerfi.

Á árinu 2024 var plast, pappi og lífrænn úrgangur flokkaður sérstaklega til endurvinnslu.

Markmið okkar til næstu ára er að:

- Auka hlutfall endurnýtingar og draga úr urðun.
- Fylgjast reglulega með magni úrgangs og bæta skráningu gagna.
- Fræða starfsfólk um mikilvægi úrgangsflokkunar og skapa virka þátttöku í daglegu starfi.

Með þessum aðgerðum viljum við stuðla að skilvirkari nýtingu auðlinda og ábyrgari meðferð á þeim hráefnum sem koma í gegnum starfsemi okkar.

Jafnrétti og mannauður

Starfsfólkið er mikilvægasta auðlind Íslensks sjávarfangs og við leggjum ríka áherslu á að skapa gott, öruggt og réttlátt vinnuumhverfi. Jafnrétti, fjölbreytileiki og virðing eru leiðarljós í mannauðsstefnu fyrirtækisins.

Á árinu 2024 var kynjahlutfallið 55% konur og 45% karlar, og starfsmannavelta var lág. Þessar niðurstöður endurspeglar stöðugleika í hópnum og þá áherslu sem lögð er á að halda í hæft starfsfólk.

Við vinnum markvisst að því að:

- Tryggja jafna stöðu og tækifæri óháð kyni, aldri, þjóðerni eða öðrum persónulegum þáttum.
- Efla starfsánægju og starfsþróun með fræðslu og þjálfun.
- Hlúa að vellíðan og heilsu starfsfólks með góðum starfsskilyrðum.
- Skapa starfsumhverfi sem einkennist af samvinnu, virðingu og trausti.

Með þessum áherslum viljum við styrkja mannauð fyrirtækisins til framtíðar og tryggja að Íslenskt sjávarfang sé áfram eftirsóknarverður vinnustaður.

Vinnuvernd

Öryggi og heilsa starfsfólks er í forgangi hjá Íslensku sjávarfangi. Við lítum á góða vinnuvernd sem óaðskiljanlegan hluta af ábyrgum rekstri og lykilatriði til að tryggja velferð starfsfólks, jafnt til skemmri sem lengri tíma.

Við höfum sett skýrar verklagsreglur og innleitt öryggisráðstafanir sem miða að því að

koma í veg fyrir slys og draga úr hættu á veikindum tengdum starfi. Fræðsla og þjálfun í vinnuvernd er reglubundinn þáttur í starfseminni og hvetjum við starfsfólk til virkrar þátttöku í öryggismálum.

Áhersla er lögð á að:

- Tryggja öruggar vinnuaðstæður í allri vinnslu.
- Efla vitund starfsfólks um öryggismál með fræðslu og reglulegum æfingum.
- Bæta aðbúnað og búnað í samræmi við nýjustu kröfur.
- Fylgjast stöðugt með slysum og atvikum til að læra af reynslunni og koma í veg fyrir endurtekningu.

Markmið okkar er skýrt: að skapa vinnuumhverfi þar sem öryggi og heilsa starfsfólks eru í hávegum höfð og slysum er hægt að koma í veg fyrir.

Siðferði í birgðakeðju

Íslenskt sjávarfang gerir ríkar kröfur um siðferði og ábyrg vinnubrögð í allri virðiskeðjunni. Við lítum á traust og heiðarleika sem grundvallarforsendur góðra viðskiptasambanda og leggjum áherslu á að birgjar okkar deili sömu gildum og við.

Á árinu 2025 verða öllum helstu birgjum kynntar siðareglur fyrirtækisins og þeir skuldbundir til að fylgja þeim. Reglurnar kveða á um virðingu fyrir mannréttindum, bann við mismunun og þvingunarvinnu, ábyrga meðferð á náttúruauðlindum og fylgni við lög og reglur.

Við vinnum markvisst að því að:

- Tryggja að birgjar okkar fylgi siðareglum og alþjóðlegum viðmiðum um mannréttindi og vinnuaðstæður.
- Stuðla að gagnsæi í viðskiptasamböndum og ábyrgri birgðakeðju.
- Fylgjast með frammistöðu birgja og eiga reglulegt samtal um umbætur.
- Velja samstarfsaðila sem deila áherslum okkar á sjálfbærni og siðferði.

Með þessum áherslum viljum við byggja upp ábyrga og trausta virðiskeðju sem styrkir bæði rekstur okkar og samfélagið sem við erum hluti af.

Orkunotkun og fræðsla

Orkunotkun er mikilvægur þáttur í starfsemi Íslensks sjávarfangs og við leggjum áherslu á að nýta rafmagn á skilvirknan og ábyrgan hátt. Með því drögum við úr rekstrarkostnaði og minnkum jafnframt umhverfisáhrif starfseminnar.

Á árinu 2024 hófum við markvissa vinnu við að greina orkunotkun í vinnslunni og skoða leiðir til að auka skilvirkni. Áhersla er lögð á að fylgjast reglulega með notkun, innleiða einfaldar tæknilausnir og stuðla að góðri orkuhegðun í daglegum störfum.

Við höfum jafnframt sett í gang fræðsluáttak til að auka vitund starfsfólks um orkusparnað.

Með samstilltu átaki getum við öll lagt okkar af mörkum til að draga úr sóun og stuðla að sjálfbærari starfsemi.

Aukakafli: Upprunaábyrgðir raforku

Á árinu 2024 keypti Íslenskt sjávarfang ekki upprunaábyrgðir fyrir rafmagnsnotkun sína. Rafmagn sem notað er í starfseminni kemur þó að stórum hluta úr endurnýjanlegum orkugjöfum hér á landi.

Loftslagsmál og umhverfismál

Íslenskt sjávarfang er meðvitað um að starfsemin hefur áhrif á loftslag og umhverfi. Við lítum á það sem okkar skyldu að vinna að því að draga úr þessum áhrifum og styðja við markmið Íslands og Evrópusambandsins um kolefnishlutleysi.

Á árinu 2025 munum við greina kolefnisspor fyrirtækisins. Sérstök áhersla verður lögð á raforkunotkun í vinnslu, úrgang og flutninga, þar sem áhrifin eru mest. Þó að ekki sé enn unnt að birta nákvæmar tölur, er markmið okkar að þróa reglubundna skráningu og mælingar sem nýtast við stefnumótun til framtíðar.

Við kaupum ekki kolefniseiningar til mótvægis við losun, heldur leggjum áherslu á að minnka eigin umhverfisáhrif með beinum umbótum í rekstrinum.

Áherslur okkar í loftslags- og umhverfismálum eru að:

- draga úr losun gróðurhúsalofttegunda með bættri orkunýtingu,
- auka endurnýtingu og minnka urðun úrgangs,
- tryggja ábyrga nýtingu hráefnis og náttúruauðlinda,
- og efla vitund starfsfólks um áhrif starfseminnar á umhverfið.

Vottun í umhverfismálum

Íslenskt sjávarfang hefur ekki enn fengið formlega vottun í umhverfismálum, svo sem ISO 14001 eða sambærileg kerfi. Þó erum við meðvituð um mikilvægi slíkra staðla og höfum hafið skipulega vinnu að umbótum sem samræmast meginviðmiðum þeirra.

Áherslan er á að byggja upp raunverulega getu og ferla innan fyrirtækisins sem tryggja árangur í umhverfismálum áður en farið verður í formlegt vottunarferli. Með því viljum við tryggja að vottun verði ekki markmið í sjálfu sér heldur staðfesting á traustri og faglegri stjórnun.

Við munum á næstu árum meta hvort og hvenær formleg vottun sé eðlilegt næsta skref til að styðja við markmið okkar um ábyrgari rekstur og aukið gagnsæi.

Jarðefnaeldsneyti

Íslenskt sjávarfang tekur ekki þátt í vinnslu, sölu eða dreifingu á jarðefnaeldsneyti og hefur því ekki beina aðkomu að slíkri starfsemi. Starfsemi fyrirtækisins felst alfarið í vinnslu og útflutningi á sjávarafurðum.

Þessi staðreynd endurspeglar eðli rekstrarins og tryggir að áhætta tengd jarðefnaeldsneyti, hvort sem er fjárhagsleg eða í tengslum við ímynd, á ekki við um fyrirtækið. Þess í stað leggjum við áherslu á að draga úr orkunotkun í vinnslunni og nýta endurnýjanlega orkugjafa sem eru lykilþáttur í íslensku orkukerfi.

Loftslagsáhætta

Íslenskt sjávarfang er meðvitað um að loftslagsbreytingar geta haft áhrif á starfsemina, bæði beint og óbeint. Við munum greina loftslagsáhættu út frá tveimur meginflokkum:

- Líkamleg áhætta: Hlýnun sjávar og breytingar á vistkerfum geta haft áhrif á framboð og aðgengi að hráefni til vinnslu til lengri tíma. Aukin tíðni öfgaveðra gæti jafnframt haft áhrif á sjósókn, samgöngur og afhendingu hráefna.
- Umskiptaáhætta: Nýjar reglugerðir og alþjóðlegar kröfur um losun og kolefnisspor geta haft áhrif á rekstur fyrirtækisins. Að sama skapi geta viðskiptavinir á erlendum mörkuðum gert auknar kröfur um rekjanleika og sjálfbærni.

Viðbrögð við loftslagsáhættu:

- Fylgst er náið með þróun laga, reglugerða og kröfu viðskiptavina.
- Kolefnisspor fyrirtækisins verður skráð og birt á næstu árum til að meta áhættu og móta raunhæf markmið.
- Orkunýting og úrgangsstjórnun er eflað til að draga úr umhverfisáhrifum.
- Samstarf við sérfræðinga, m.a. Laufið, styrkir getu fyrirtækisins til að bregðast við loftslagsáskorunum.

Með þessari nálgun viljum við ekki aðeins bregðast við áhættu heldur einnig nýta þau tækifæri sem felast í ábyrgari og sjálfbærari rekstri.

Framtíðarmarkmið

Íslenskt sjávarfang hefur sett sér skýr markmið til næstu ára sem endurspeglar skuldbindingu fyrirtækisins í umhverfis-, félags- og stjórnarháttum. Markmiðin eru bæði mælanleg og raunhæf, með það að markmiði að tryggja stöðugar umbætur og sýnilegan árangur.

Umhverfi (U):

- Auka endurnýtingu úrgangs um 20% fyrir árið 2027.
- Draga úr raforkunotkun á hvert framleitt tonn um 10% fyrir árið 2027.
- Skrá og birta kolefnisspor fyrirtækisins fyrir árið 2025 og setja formleg markmið um minnkun fyrir árið 2030.
- Draga úr notkun einnota plasts í starfseminni um 30% fyrir árið 2029.

Félagslegir þættir (F):

- Viðhalda jafnrétti og fjölbreytileika í öllum störfum og tryggja jafna stöðu óháð kyni, aldri eða uppruna.
- Lækka slysátíðni ár frá ári með auknum forvörnum og fræðslu.
- Halda árlega fræðslu um öryggi og umhverfismál fyrir allt starfsfólk frá og með 2024.

Stjórnarhættir (S):

- Tryggja að allir birgjar hafi undirgengist siðareglur Íslensks sjávarfangs fyrir árið 2025.
- Auka gagnsæi í upplýsingagjöf og birta reglulega framvindu í sjálfbærnimarkmiðum.

Lokaorð

Sjálfbærni er leiðarljós í allri starfsemi Íslensks sjávarfangs. Með því að leggja áherslu á ábyrga nýtingu auðlinda, gott starfsumhverfi og trausta stjórnarhætti viljum við tryggja að fyrirtækið skapi verðmæti bæði til skemmri og lengri tíma.

Við lítum á sjálfbærni sem sameiginlega ábyrgð. Hún krefst samvinnu stjórnenda, starfsfólks, birgja og viðskiptavina. Með samstilltu átaki getum við dregið úr umhverfisáhrifum, aukið jákvæð samfélagsáhrif og byggt upp traust sambönd við hagsmunaaðila okkar.

Þessi skýrsla markar mikilvægt skref í átt að faglegri og gagnsærri upplýsingagjöf. Hún er jafnframt upphaf að áframhaldandi vegferð þar sem við ætlum að efla skráningu, mælingar og markmiðasetningu.

Framtíðarsýn Íslensks sjávarfangs er skýr: að vera traustur samstarfsaðili í sjávarútvegi sem vinnur með náttúruna – ekki gegn henni – og stuðlar að sjálfbærri þróun fyrir samfélag og komandi kynslóðir.

